Lög

um

að leggja jörðina Bakka með Tröllakoti í Tjörneshreppi í Suður-Þingeyjarsýslu undir sveitarfjelag Húsavíkurhrepps.

Vjer Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur, Vinda og Gauta, hertogi í Sljesvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þjettmerski, Láenborg og Aldinborg,

Gjörum kunnugt: Alþingi hefir fallist á lög þessi og Vjer staðfest þau með samþykki Voru:

1. gr.

Jörðin Bakki með Tröllakoti í Tjörneshreppi skal lögð undir sveitarfjelag Húsavíkurhrepps frá 1. júní 1922.

2. gr.

Á sama tíma skal Húsavíkurhreppur greiða Tjörneshreppi í eitt skifti fyrir öll sextán hundruð krónur og hafa lokið á tólf árum að gera akfæran veg að landamerkjum Bakka og Hjeðinshöfða.

3. gr.

Að öðru leyti eru skyldur og kvaðir, þar með talið þurfamannaframfæri, á þessum tveimur hreppum óbreyttar frá því, sem ákveðið er í stjórnarráðsbrjefi nr. 72, 4. júní 1912.

Eftir þessu eiga allir hlutaðeigendur sjer að hegða.

Gefið á Amalíuborg, 19. júní 1922.

Undir Vorri konunglegu hendi og innsigli.

Christian R.
(L. S.)

Kl. Jónsson.